# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, mánudaginn 9. maí kl. 09:07, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 867. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir, Helena Stefánsdóttir og Olga Guðrún B Sigfúsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Brynja Kemp Guðnadóttir, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Lilja Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson og Ingvar Jón Bates Gíslason.

Ritari var Harri Ormarsson.

**Þetta gerðist:**

1. **Bleikjukvísl 6,** *(fsp) gróðurhús* (04.235.0) Mál nr. SN220162 Skjalnr. 6269

Ásdís Sigurgestsdóttir, Bleikjukvísl 6, 110 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Ásdísar Sigurgestsdóttur dags. 20. mars 2022 um að staðsetja gróðurhús á borgarlandi fyrir utan lóðarmörk lóðarinnar nr. 6 við Bleikjukvísl, samkvæmt tillögu/skissu ódags. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022.

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022.*

2. **Fálkabakki 1, Fálkaborg,** *breyting á deiliskipulagi* (04.617) Mál nr. SN220271 Skjalnr. 13158

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðarinnar nr. 1 við Fálkabakka. Í breytingunni felst stækkun á skipulagssvæði til norðurs, stækkun á leikskólalóð og núverandi byggingarreit leikskólans ásamt því að bætt er við byggingarreit fyrir tímabundna kennslustofu, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 5. maí 2022.

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

3. **Kleppsvegur 94,** *(fsp) stækkun húss* (01.353) Mál nr. SN220242 Skjalnr. 14147

Svana Yen Doan, Kleppsvegur 94, 104 Reykjavík
SP(R)INT STUDIO ehf., Skaftahlíð 38, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Svönu Yen Doan dags. 28. apríl 2022 ásamt bréfi SP(R)INT STUDIO ehf. dags. 27. apríl 2022 um stækkun hússins á lóð nr. 94 við Kleppsveg, samkvæmt tillögu/skissu 12. apríl 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022 samþykkt. Samræmist deiliskipulagi.*

4. **Gunnarsbraut 49,** *(fsp) stækkun svala* (01.247.8) Mál nr. SN220154 Skjalnr. 14615

Rúnar Ingi Guðjónsson, Fjarðarsel 6, 109 Reykjavík
Árni Jónas Kristmundsson, Gunnarsbraut 49, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Rúnars Inga Guðjónssonar dags. 14. mars 2022 um stækkun á svölum hússins á lóð nr. 49 við Gunnarsbraut, samkvæmt uppdr. RÚM teiknistofu dags. 29. janúar 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022 samþykkt. Sækja þarf um byggingarleyfi.*

5. **Álftahólar 2-8,** *(fsp) nr. 4 og 6 - svalalokanir og álklæðning* (04.642.6)

Mál nr. SN220139
Skjalnr. 14618

Snorri ehf, Skógarási 8, 221 Hafnarfjörður
Álftahólar 4-6,húsfélag, Álftahólum 6, 111 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. apríl 2022 var lögð fram fyrirspurn Snorra ehf. dags. 3. mars 2022 um að loka svölum og setja álklæðningu framan á húsið nr. 4 og 6 á lóð nr. 2-8 við við Álftahóla, samkvæmt uppdr. Snorra ehf. dags. 10. júní 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. maí 2022.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. maí 2022 samþykkt.*

6. **Fiskislóð 41,** *(fsp) innkeyrsla* (01.086.6)

Mál nr. SN220052
Skjalnr. 14160

Bílabúð Benna ehf., Krókhálsi 9, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. apríl 2022 var lögð fram fyrirspurn Bílabúðar Benna dags. 26. janúar 2022 um að bæta við innkeyrslu á lóð nr. 41 við Fiskislóð, samkvæmt tillögu ódags. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. maí 2022.
*Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. maí 2022.*

7. **Freyjugata 16,** *(fsp) hækkun húss og breyting á kvisti* (01.186.2)

Mál nr. SN220235
Skjalnr. 14568

Eldjárn Árnason, Hjallabraut 60, 220 Hafnarfjörður
B35 ehf., Skipholti 50D, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Eldjárns Árnasonar dags. 27. apríl 2022 um hækkun hússins á lóð nr. 16 við Freyjugötu um eina hæð ásamt því að breyta kvisti á framhlið hússins, samkvæmt uppdr. Arktika dags. 16. apríl 2022.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

8. **Laugavegur 25,** *(fsp) rekstur veitingastaðar í flokki II* (01.172.0)

Mál nr. SN220225
Skjalnr. 12241

Götubiti ehf., Bröttugötu 3a, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Götubita ehf. dags. 22. apríl 2022 ásamt bréfi dags. 9. apríl 2022 um rekstur veitingastaðar í flokki II í húsinu á lóð nr. 25 við Laugaveg, samkvæmt tillögu Arkþing/Nordic ehf. dags. 31. mars 2022.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

9. **Rauðarárstígur 24,** *(fsp) breyting á notkun geymslu* (01.243.1)

Mál nr. SN220209
Skjalnr. 11704

Krads ehf., Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík
Elísabet Ólafsdóttir, Rauðarárstígur 24, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Krads ehf. dags. 12. apríl 2022 um breytingu á notkun geymslu sem staðsett er á jarðhæð við hlið hússins á lóð nr. 24 við Rauðarárstíg úr geymslu í íbúð, samkvæmt tillögu Krads ehf. dags. 24. febrúar 2022.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

10. **Skólavörðustígur 40,** *(fsp) rekstur gististaðar í flokki II* (01.181.4)

Mál nr. SN220223
Skjalnr. 7962

Eignarhaldsfélagið Hlaðan ehf., Krókhálsi 4, 110 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Eignarhaldsfélagsins Hlaðan ehf. dags. 22. apríl 2022 ásamt bréfi ódags. um rekstur gististaðar í flokki II í húsinu á lóð nr. 40 við Skólavörðustíg.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

11. **Tröllaborgir 14,** *(fsp) breyta einbýlishúsi í tvíbýli, stækka íbúð og setja svalir* (02.34) Mál nr. SN220229
Skjalnr. 14614

Davíð Rúnar Bjarnason, Tröllaborgir 14, 112 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Davíðs Rúnars Bjarnasonar dags. 26. apríl 2022 ásamt greinargerð dags. 25. apríl 2022 um að breyta einbýlishúsi á lóð nr. 14 við Tröllaborgir í tvíbýlishús, stækka íbúð 0102 (aukaíbúð) og gera svalir ofan á stækkunina fyrir íbúð 0201, samkvæmt uppdráttum Luigi Bartolozzi dags. 25. febrúar 2022.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

12. **Ármúli 28 og 30,** *(fsp) hækkun húss* (01.292.1) Mál nr. SN220201
Skjalnr. 14573

Selið Fasteignafélag ehf., Litlakrika 2, 270 Mosfellsbær
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 var lögð fram fyrirspurn Helga Indriðasonar dags. 12. apríl 2022 um hækkun hússins á lóð nr. 28 og 30 við Ármúla, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 12. mars 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022.
*Ekki gerðar athugasemd við erindið, með þeim fyrirvörum og skilyrðum fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022.*

13. **Brautarholt 6,** *Breytingar 1. og 2.hæð* (12.412.04) Mál nr. BN060766
Skjalnr. 11547

Ríkissjóður Íslands, Vegmúla 3, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. apríl 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, innrétta 6 íbúðir á 2. hæð, innrétta geymslur í austurhluta 1. hæðar, breyta gluggum á báðum hliðum, gera svalir á götuhlið og gera flatt þak á bakhús og gera þar svalir og aðkomu fyrir íbúðir á 2. hæð húss á lóð nr. 6 við Brautarholt. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022 samþykkt með skilyrðum og leiðbeiningum.*

14. **Fossvogshverfi-einbýlishús - svæði suður af Kvistalandi 26,** *breyting á deiliskipulagi* (01.85) Mál nr. SN220269
Skjalnr. 5378

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi "Fossvogshverfi - einbýlishús". Í breytingunni felst að afmarkað svæði suður af Kvistalandi 26 er tekið út úr deiliskipulagsáætluninni og fært undir breytingu á deiliskipulagi Kvistalands 26, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 3. maí 2022.
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að*
*Kvistalandi 21, 23, 22 og 24, Hjallalandi 30, 32, 34, 36, 38 og 40, Hellulandi 13, 15, 17, 19, 20, 22, 24 og Haðalandi 21, 23, 22 og 24*
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. gr. 7. 6. í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.*

15. **Kvistaland 26,** *breyting á deiliskipulagi* (01.862.3) Mál nr. SN220176
Skjalnr. 11225

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. mars 2022 var lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðarinnar nr. 26 við Kvistaland. Í breytingunni felst breyting á lóðarmörkum lóðarinnar ásamt því að lögun byggingarreits fyrir leikskólabygginguna breytist og stækkar. Mænishæð er breytt og gert ráð fyrir að hækka þakið, en allar byggingar eru áfram ein hæð. Gert er ráð fyrir sorpgerði austan við leikskólann, innan byggingarreits leikskólans. Byggingarreitur færanlegrar stofu er breikkaður til suðurs. Gert er ráð fyrir hjóla- og vagnageymslu innan lóðar og 30 hjólastæðum, 10 fyrir starfsmenn og 20 fyrir nemendur, ásamt því að núverandi stígur á opna svæðinu er færður út fyrir áætluð lóðamörk, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 23. mars 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að*
*Kvistalandi 21, 23, 22 og 24, Hjallalandi 30, 32, 34, 36, 38 og 40, Hellulandi 13, 15, 17, 19, 20, 22, 24 og Haðalandi 21, 23, 22 og 24*
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. gr. 7. 6. í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.*

16. **Grensásvegur 3-7,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* (01.461.0) Mál nr. SN220125
Skjalnr. 7935

Krads ehf., Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík
Húsfélagið Grensásvegi 5, Grensásvegi 5, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Krads ehf. dags. 24. febrúar 2022 um breytingu á deiliskipulagi Skeifunnar vegna lóðarinnar nr. 3-7 við Grensásveg sem felst í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á lóð í samræmi við rammaskipulag, samkvæmt tillögu dags. 15. febrúar 2022.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

17. **Hamrahlíð 2, Hlíðaskóli,** *breyting á deiliskipulagi* (01.730.0) Mál nr. SN220270
Skjalnr. 6896

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Hörgshlíðar vegna lóðarinnar nr. 2 við Hamrahlíð, Hlíðarskóla. Í breytingunni felst að skilgreindur er byggingarreitur fyrir færanlegar kennslustofur sem ráðgert er að staðsetja á norðurmörkum lóðar meðfram Hamrahlíð norðan við núverandi battavöll, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta dags. 2.maí 2022.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

18. **Höfðabakki 1,** *Breyting á rými á 1. og 2.hæð* (40.700.01) Mál nr. BN060738
Skjalnr. 7530

JB Eignir ehf., Gylfaflöt 17, 112 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. apríl 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. apríl 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á 1. hæð, þannig að stigahús er gert að sér rými og eignum fjölgað á 2. hæð með því að breyta skrifstofurými 0201 í fjórar íbúðir í verslunar- og skrifstofuhúsnæði, mhl. 02 á lóð nr. 1 við Höfðabakka. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022.*

19. **Gufunes, áfangi 1 - Jöfursbás reitir A3 og A4,** *breyting á deiliskipulagi* Mál nr. SN220257
Skjalnr.

Hildur Gunnlaugsdóttir, Hvassaleiti 97, 103 Reykjavík
GF 1 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
JVST ICELAND ehf., Ármúla 3, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn Hildar Gunnlaugsdóttur, f.h. Spildu ehf. dags. 4. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi áfanga 1 í Gufunesi vegna reita A3 og A4. Í breytingu felst tilfærsla á lóðarmörkum (fjöldi og lögun lóða er að breytast), aukning á fjölda íbúða, húshæðir aukast en þó innan marka sem tilgreint er í aðalskipulagi. Heildarbyggingamagn á svæðinu helst óbreytt m.v. gildandi heimildir og mun byggðarmynstur á uppbyggingarsvæði breytast, í stað randbyggðar, standa stakstæð hús í grænu garðrými. Almennings- og dvalarrými eykst og það gert samfelldara, m.a. með því að fella niður botnlangann Hilmisbás. Töluverð atvinnustarfsemi er í gildandi skipulagi og mun nær öll sú starfsemi í núverandi heimildum breytast í íbúðir, samkvæmt uppdr. dags. 3. maí 2022.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.*

20. **Litlahlíð,** *framkvæmdaleyfi* (01.7) Mál nr. SN210201
Skjalnr. 14433

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. mars 2021 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 12. mars 2021 um framkvæmdaleyfi vegna breytingu/ þrengingu á götum í Litluhlíð, gerð undirganga undir Litluhlíð og göngu- og hjólastíg um undirgögn, stígtengingar og stofnlagnir vatns-, hita-, raf- og fráveitu. Einnig er gert ráð fyrir gróðursvæðum, landmótun, lýsingu við götu, stíga og undirgöngum, umferðarljósum, skiltum og merkingum. Einnig er lagt fram teikningasett dags. í febrúar 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2021. Lagt fram að nýju ásamt umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 5. maí 2022 um framlengingu á framkvæmdaleyfi fyrir ofangreint erindi, sem gefið var út 27. apríl 2021, til lok júlí 2022.
*Samþykkt framlengja framkvæmdaleyfi til 31. júlí 2022.*

21. **Sægarðar - Sæbraut/Vatnagarðar,** *framkvæmdaleyfi* (01.33) Mál nr. SN220253
Skjalnr. 7284

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda- og viðhalds dags. 3. maí 2022 um framkvæmdaleyfi vegna breytinga á gatnamótum Sægarða og Vatnagarða, samkvæmt teikningasetti dag. í febrúar 2022. Einnig eru lögð fram samþykki Faxaflóahafna og Veitna fyrir framkvæmdinni dags. 4. maí 2022 og samþykki Vegagerðarinnar dags. 5. maí 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. maí 2022.
*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. maí 2022. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.*

22. **Fiskislóð 35,** *(fsp) uppbygging* (01.086.4) Mál nr. SN210575
Skjalnr. 14537

Sigurður Hallgrímsson, Stórakur 7, 210 Garðabær
Fiskislóð 35 ehf., Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. febrúar 2022 var lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 12. ágúst 2021 um uppbyggingu á lóð nr. 35 við Fiskislóð skv. uppdr. og þrívíddarmyndum Arkþings/Nordic ehf. móttekið 12. ágúst 2021. Fyrirspyrjandi var beðin um að hafa samband við embætti skipulagsfulltrúa og er erindið nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti Sigurðar Hallgrímssonar dags. 5. maí 2022 þar sem fyrirspurn er dregin til baka.
*Fyrirspurnin dregin til baka.*

23. **Framnesvegur 13,** *Sótt er um að setja svalir og tröppur í garð* (11.341.06) Mál nr. BN059355 Skjalnr. 9468

B10 fasteign ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að síkka glugga og bæta við hurð, koma fyrir svölum og tröppum á suðurhlið íbúðar 0201 í íbúðarhúsi á lóð nr. 13. við Framnesveg.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

24. **Langholtsvegur 100,** *(fsp) innkeyrsla á lóð* (01.432.1) Mál nr. SN220151 Skjalnr. 10329

Aron Vikar Eiríksson, Langholtsvegur 81, 104 Reykjavík
Gunnlaug Kristín Ingvadóttir, Langholtsvegur 168, 104 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. apríl 2022 var lögð fram fyrirspurn Arons Vikars Eiríkssonar dags. 11. mars 2022 um að gera innkeyrslu austan megin við húsið á lóð nr. 100 við Langholtsveg. Einnig er lögð fram ljósmynd og kort þar sem búið er að skissa inn innkeyrslu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022.

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022,*

25. **Höfðabakki 7,** *breyting á deiliskipulagi* (04.070.4) Mál nr. SN220004 Skjalnr. 6772

THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. febrúar 2022 var lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 5. janúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða eystri vegna lóðarinnar nr. 7. við Höfðabakka. Í breytingunni felst hækkun á mæni bakhúss um 2,5 m og við það skapast möguleiki á milligólfi. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðar úr 0,7 í 0,8 ásamt því að bílastæðakröfur eru uppfærðar í samræmi við bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar, samkvæmt uppdráttum THG Arkitekta ehf. dags. 4. maí 2022. Umsækjandi var beðin um að hafa samband við embætti skipulagsfulltrúa og er erindið nú lagt fram að nýju.

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Höfðabakka 3 og 9, Stórhöfða 22-30 og Vagnhöfða 23 og 25.*
*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.*

26. **Höfðabakki 9,** *(fsp) uppbygging* (04.070.4) Mál nr. SN220196 Skjalnr. 10761

Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Trípólí ehf., Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Reita - skrifstofa ehf. dags. 11. apríl 2022 um uppbyggingu á lóð nr. 9 við Höfðabakka, samkvæmt tillögu Trípólí ehf. dags. 11. apríl 2022.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

27. **Malarhöfði 6,** *breyting á deiliskipulagi* (04.055.5) Mál nr. SN220075 Skjalnr. 9020

Hjálparsveit skáta í Reykjavík, Malarhöfða 6, 110 Reykjavík
ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kristjáns Ásgeirssonar dags. 8. febrúar 2022 ásamt bréfi dags. 8. febrúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Bíldshöfða - Sævarhöfða vegna lóðarinnar nr. 6 við Malarhöfða. Í breytingunni felst heimild til að hækka viðbyggingu og nýr byggingarreitur fyrir skýli á suðurhluta lóðar, samkvæmt uppdr. ALARK arkitekta ehf. dags. 9. mars 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 24. mars 2022 til með 28. apríl 2022. Engar athugasemdir bárust.

*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

28. **Skógarvegur 2,** *breyting á deiliskipulagi* (01.793.1) Mál nr. SN220021
Skjalnr. 14113

Guðmundur Gunnlaugsson, Naustabryggja 54-56, 110 Reykjavík
Dverghamrar ehf., Lækjarbergi 46, 221 Hafnarfjörður

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Guðmundar Gunnlaugssonar dags. 12. janúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi neðan Sléttuvegar vegna lóðarinnar nr. 2 við Skógarveg. Í breytingunni felst að heimilt er að setja svalalokanir á efstu hæð hússins, samkvæmt uppdr. Guðmundar Gunnlaugssonar arkitekts dags. 21. desember 2021, við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðarinnar. Tillagan var grenndarkynnt frá 29. mars 2022 til og með 3. maí 2022. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

29. **Smiðshöfði 11,** *(fsp) stækkun lóðar* (04.061.2) Mál nr. SN220243
Skjalnr. 14634

Hilmar Jónsson, Grundarland 6, 108 Reykjavík
Atvinnuhúsnæði ehf., Grundarlandi 6, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Hilmars Jónssonar dags. 28. apríl 2022 um stækkun lóðarinnar nr. 11 við Smiðshöfða í átt að stórhöfða.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

30. **Sólvallagata 47,** *(fsp) breyta hluta kjallara og bílskúr í íbúð* (01.139.1) Mál nr. SN220238
Skjalnr. 11234

Guðbrandur Jóhannesson, Sólvallagata 47, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Guðbrands Jóhannessonar dags. 27. apríl 2022 um að breyta hluta kjallara og ósamþykktum bílskúr á lóð nr. 47 við Sólvallagötu í íbúð með sér fastanúmeri eða að örðum kosti sem aukaíbúð, samkvæmt skissu ódags.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

31. **Blesugróf 30 og 32,** *(fsp) hækkun á gólfkóta o.fl.* (01.885.3) Mál nr. SN220231
Skjalnr. 13691

Sigríður Kristjánsdóttir, Hlíðarvegur 48, 200 Kópavogur

Lögð fram fyrirspurn Sigríðar Kristjánsdóttur dags. 26. apríl 2022 um hækkun á gólfkóta lóðanna nr. 30 og 32 við Blesugróf ásamt því að heimilt verði að gera kjallara á lóðunum og að byggingarreitir verði minnkaðir. Einungir verða tvær íbúðir í hvoru húsi.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

32. **Hlemmur og nágrenni, reitur 1.224,** *framkvæmdaleyfi* (01.240.0) Mál nr. SN220252
Skjalnr. 9064

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 3. maí 2022 um framkvæmdaleyfi vegna endurgerð núverandi gatna og gerð nýs torgsvæðis við Hlemm og Nágrenni. Einnig er lögð fram yfirlitsmynd ódags. þar sem fram kemur hvernig verkefnið er áfangaskipt.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

33. **Vesturgata 40,** *breyting á deiliskipulagi* (01.131.2) Mál nr. SN220208
Skjalnr. 12665

Krads ehf., Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík
Ingibjörg Hallgrímsson, Vesturgata 40, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2022 var lögð fram umsókn Krads ehf. dags. 12. apríl 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 40 við Vesturgötu. Í breytingunni felst að heimilt er að breyta verslunarrými á jarðhæð hússins í íbúð og skipta efri hæðum hússins í tvær íbúðir, samkvæmt uppdr. Krads. ehf. dags. 18. mars 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. maí 2022.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. maí 2022 samþykkt. Vakin er athygli á þeim fyrirvörum sem fram koma í umsögninni.*

34. **Vesturgata 64,** *(fsp) uppbygging* (01.130.1) Mál nr. SN220017
Skjalnr. 9450

THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. janúar 2022 var lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 10. janúar 2022 um uppbyggingu á lóð nr. 64 við Vesturgötu, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt tölvupósti hönnuðar dags. 31. mars 2022, hæðarblaði dags. 4. mars 2020, hæðarkótum THG arkitekta ehf. mótt. 31. mars 2022 og yfirliti yfir íbúðarskiptingu mótt. 31. mars 2022. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. maí 2022.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. maí 2022 samþykkt. Vakin er athygli á þeim fyrirvörum sem fram koma í umsögninni*

35. **Vesturgata 64,** *Fjölbýlishús - mhl.03* (11.301.13) Mál nr. BN060630
Skjalnr. 9450

Hróður ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt sjö hæða fjölbýlishús með 57 íbúðum á sameiginlegum bílakjallara á Héðinsreit og verður mhl. 03 á lóð nr. 64 við Vesturgötu. Einnig er lagður fram tölvupóstur byggingarfulltrúa dags. 5. maí 2022 þar sem umsagnarbeiðni er dregin til baka.

*Umsagnarbeiðni dregin til baka.*

36. **Hörgshlíð 10,** *Bílageymsla forsteyptum samlokueiningunum* (17.301.05) Mál nr. BN060627
Skjalnr. 13999

Torfi G Yngvason, Hörgshlíð 10, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr á forsteyptum sökklum með samlokuveggjum auk geymslu á lóð nr. 10 við Hörgshlíð. Erindi var grenndarkynnt frá 28. mars 2022 til og með 2. maí 2022. Engar athugasemdir bárust.

*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

37. **Ránargata 3A,** *Svalir á suðurhlið og nýtt hurðargat* (11.362.10) Mál nr. BN060553
Skjalnr. 14473

Þórhallur Arnórsson, Ránargata 3A, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir léttum svölum á suðurhlið 2. hæðar fjölbýlishúss á lóð nr. 3A við Ránargötu. Erindi var grenndarkynnt frá 30. mars 2022 til og með 3. maí 2022. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

38. **Brekknaás 6,** *Íbúðarhús með sex íbúðum fyrir fatlaða* Mál nr. BN060530
Skjalnr. 14635

Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja íbúðakjarna með sex íbúðum, starfsmannaaðstöðu og hjólageymslu á lóð nr. 6 við Brekknaás.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

39. **Hringbraut Landsp.,** *Eiríksgata 36* - *Stöðuleyfi fyrir reiðhjólaskýli* (11.989.01) Mál nr. BN060864
Skjalnr. 9942

Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. maí 2022 þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir hálfopnu reiðhjólaskýli fyrir 70 reiðhjól sem verður staðsett í porti Eirbergs og geðdeildar Landspítala á lóð nr. 36 við Eiríksgötu.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:26.

| | |
|---|---|
| Björn Axelsson | Borghildur Sölvey Sturludóttir |
| Helena Stefánsdóttir | Olga Guðrún B Sigfúsdóttir |